

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Umsögn vegna máls nr. 727, tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Ég undirrituð ítreka hér afstöðu mína til virkjana í Hólmsá og Skaftá.

Í Skaftártungu er stundaður hefðbundinn búskapur og einnig hafa landeigendur tekjur af veiði í Tungufljóti. Þetta tvennt og vafalaust sitthvað fleira mun bera skaða af þeim virkjunum sem fyrirhugaðar eru í Skaftártungu. Beitarlönd bænda eru undir bæði við Hólmsárvirkjunarlón við Atley og Búlandsvirkjunarlón á Þorvaldsaurum.

Vatnasvið Tungufljóts mun breytast mikið við báðar þessar virkjanir. Við Búlandsvirkjun mun rennsli í Tungufljóti minnka mikið og einnig mun fara jökulvatn í farveginn. Líkur á því að við sjáum fyrisagnir í blöðum á við þá sem sást nú í apríl „Mokveiði í Tungufljóti“ munu heyra fortíðinni til. Við Hólmsárvirkjun mun myndast uppistöðulón fyrir ofan útfallið við stöðvarhúsið í Flöguvelli, hvað gerist þar er óljósara, hugsanlega mun vatn renna út á Eldhraunið með tilheyrandi gróðurskemmdum og uppblæstri á milli flóða.

Ég tel einnig að eldvirkni á svæðinu sé vanmetin og tjón á mannvirkjum sem getur orðið bæði af vatnsflöðum og hraunrennsli sé stórlega vanmetið. Eyðilegging á aldargömlum birkiskógum yrði staðreynd ef Hólmsárvirkjun yrði að veruleika og línustæðið færi yfir svæði sem er einstakt á heimsvísu. Báðar þessar virkjanir yrðu innan Katla Geopark og hlýtur það að fara illa með hugmyndum manna um jarðvanga á heimsvísu.

Ég tel þessar hugmyndir að virkjunum algjöra skammtímalausn á fjárhagsvanda samfélagsins og ekki skila okkur öðru þegar til lengri tíma er litið en fólksflóttu úr Skaftártungu, lakari bújörðum og óendurkræfa eyðileggingu á lítt röskuðu landi.

Vísa að endingu til fyrri umsagnar minnar nr. 29 á rammaaetlun.is frá nóvember 2011.

<http://www.rammaaetlun.is/umsagnir/innsendar-umsagnir/umsogn/29>

Það er því eindregin skoðun mín að Hólmsár- og Búlandsvirkjun megi ekki verða að veruleika og tel ég að þær eigi að færast úr biðflokki yfir í verndarflokk Rammaáætlunar.

Flögu, 7. maí 2012

Jóna Lís Gísladóttir
Blönduhlíð 31
105 Reykjavík